

Móttaka barna af erlendum uppruna í leik- og grunnskólum

- HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR -



SKÓLASKRIFSTOFA
SUÐURLANDS

Inngangur

Með auknum fólksflutningum til landsins síðustu ár og áratugi hefur málaflokkur innflytjenda og aðlögun þeirra að íslensku samfélagi orðið æ fyrirferðarmeiri í þjóðfélagsumræðunni.

Innflytjandi er samkvæmt *Stefnu ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda*, útlendingur sem sest hefur að til langframa í landinu er er fæddur erlendis eða báðir foreldrar einstaklings eru fæddir erlendis eða hafa einhvern tíma haft erlent ríkisfang. Innflytjendur eiga það sameiginlegt að hafa annað mál en íslensku að móðurmáli, en með móðurmáli er átt við það tungumál er barn lærir fyrst.

Samhliða auknum fólksflutningi til landsins hefur börnum af erlendum uppruna í leik- og grunnskólum á Íslandi fjölgað mikið undanfarin ár. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands eru börn með annað móðurmál en íslensku nú 7,7% af öllum leikskólabörnum á Íslandi og 3,7% af öllum grunnskólabörnum á Íslandi (Hagstofa Íslands, 2007). Samtals er um að ræða tæplega 3000 börn á öllu landinu sem hafa annað móðurmál en íslensku. Um mjög fjölbreyttan hóp barna er að ræða, sem misvel eru í stakk búin til þess að takast á við nýjar aðstæður í ókunnu landi. Þessi mikla fjölbreytni gerir það að verkum að erfitt er að móta stefnu og áætlanir sem henta öllum jafn vel. Þó hafa nokkur sveitarfélög á Íslandi markað stefnu og sett fram leiðbeiningar um móttöku og



aðlögun erlendra barna á síðustu árum. Þar má m.a. nefna fjölmenningsstefnu Reykjavíkurborgar (Menntasvið Reykjavíkurborgar, 2006). Samband sveitarfélaga á Austurlandi hefur einnig tekið saman leiðir að

fjölmenningsarlegu samfélagi á Austurlandi (Svona gerum við, 2007), þar sem markmiðið er að móta stefnu varðandi þjónustu við innflytjendur.

Með auknum fjölda erlendra barna í skólum hafa stjórnendur og kennarar staðið frammi fyrir krefjandi verkefni, sem ekki er alltaf ljóst hvernig taka skal á.


Samkvæmt lauslegri könnun sem starfsfólk Skólaskrifstofu Suðurlands gerði á vormánuðum 2007 má ætla að hlutfall innflytjenda í grunnskólum á Suðurlandi sé í kringum 5% og í leikskólum u.þ.b. 7%. Það má því áætla að fjöldi barna í leik- og grunnskólum með annað móðurmál en íslensku sé á bilinu 220-250, ef miðað er við það hlutfall sem nefnt er hér að ofan og á við um landið allt (3.7% í grunnskólum, 7.7% í leikskólum). Það er því ljóst að mikilvægt er að móta stefnu og áætlanir um móttöku og aðlögun þessara barna. Ekki hefur verið ráðist með markvissum hætti í það verkefni enn sem komið er hjá sveitarfélögum á Suðurlandi.

Við sem störfum á Skólaskrifstofu Suðurlands verðum hins vegar í síauknum mæli vör við þörf hjá skólafólki fyrir leiðbeiningar um

móttöku, aðlögun og þjónustu við börn af erlendum uppruna. Tilgangurinn með þessari samantekt er að auðvelda aðgengi starfsfólks leik- og grunnskóla að upplýsingum varðandi málefni innflytjenda og gefa leiðbeinandi

verklagsreglur um vinnuferli við móttöku og aðlögun.

Í leiðbeiningunum hér fyrir neðan má, auk ofangreindra upplýsinga, finna upplýsingar um túlkaþjónustu og heimasíður og tengla um efnið.



Efnisyfirlit:

1. Túlkaþjónusta.
2. Almenn um móttöku barns af erlendum uppruna í leik- og grunnskóla.
3. *Leikskóli*: Móttaka barns af erlendum uppruna.
 - Upplýsingar og gögn sem foreldrar þurfa að fá við upphaf leikskólagöngu.
 - Upplýsingar sem foreldrar þurfa að gefa skólanum við upphaf leikskólagöngu.
 - Móttaka nemenda af erlendum uppruna í leikskóla –hugmynd að spurningalista (upplýsingar um barnið, fengnar úr viðtölum við foreldra/ forráðamenn þess).
4. *Grunnskóli*: Móttaka barns af erlendum uppruna.
 - Upplýsingar og gögn sem foreldrar þurfa að fá við upphaf grunnskólagöngu.
 - Upplýsingar sem foreldrar þurfa að gefa skólanum við upphaf grunnskólagöngu.
 - Móttaka nemenda af erlendum uppruna í grunnskóla –hugmynd að spurningalista (upplýsingar um barnið, fengnar úr viðtölum við foreldra/ forráðamenn þess).
5. Heimildir, heimasíður, tenglar og greinar þar sem finna má upplýsingar um aðlögun og þjónustu við börn sem hafa annað tungumál en íslensku að móðurmáli í leik- og grunnskólum á Íslandi.

1. Túlkaþjónusta

Einn stærsti þröskuldurinn í samstarfi skóla og foreldra, sem eiga annað tungumál en íslensku að móðurmáli, er túlkunin. Gott samstarf skóla og heimilis getur verið hluti af forvarnarstarfi þ.e. þegar barnið er að fóta sig í nýju samfélagi.

Alþjóðahúsið rekur túlka- og þýðingarþjónustu á yfir 50 tungumálum. Hægt er að hægt panta túlk á heimasíðu Alþjóðahúss, senda tölvupóst til tulkun@ahus.is eða hringja í síma (+354) 530-9303. Utan afgreiðslutíma er hægt að panta túlk í síma (+354) 663-0502.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið heldur úti lista yfir þá sem hafa löggild réttindi til að þýða skjöl og túlka í dómum. Félag íslenskra dóm túlka og skjalapýðenda

InterCultural Iceland tekur að sér að útvega túlka og þýðendur á mörgum tungumálum. Hægt er að panta túlk með því að senda tölvupóst til angelica@ici.is eða hringja í síma (+354) 517-9345.

Á vefsíðunni <http://www.island.is/innflytjendur> koma fram eftirfarandi upplýsingar: *Deir sem ekki tala íslensku eða hafa ekki náð fullu valdi á málinu eiga samkvæmt lögum rétt á að fá túlk endurgjaldslaust í dómsmálum og þegar sjúklingur leitar lækni aðstoðar. Túlkun stendur til boða við ýmsar aðrar aðstæður og hægt er að kaupa þjónustu túlka.*



Réttur á túlkun:

- *Í mörgum tilfellum er fenginn túlkur til að túlka samskipti hjá félagsþjónustu sveitarfélaga, stéttarfélagum, lögreglunni og fyrirtækjum.*
 - *Í leikskólum og grunnskólum eru túlkar oft fengnir til aðstoðar, til að mynda í foreldraviðtölum, og sér viðkomandi stofnun um að panta túlk og greiða fyrir þjónustuna. Hið sama gildir þegar túlka þarf samskipti við félagsþjónustu.*
 - *Túlkar eru ekki alltaf einstaklingum að kostnaðarlausu og er því ráðlagt að athuga stefnu hverrar stofnunar eða fyrirtækis varðandi greiðslu fyrir túlkun.*
 - *Ef óskað er eftir túlki þarf að koma fram hvaða tungumál viðkomandi talar því ekki nægir alltaf að skrá upprunaland.*
 - *Einstaklingur á rétt á að hafna þjónustu túlks.*
 - *Túlkur er bundinn þagnarskyldu við störf sín og er hlutlaus aðili.*
 - *Norrænir ríkisborgarar eiga, samkvæmt norræna tungumálasamningnum (pdf, 539 kb), í flestum tilvikum að geta notað móðurmál sitt í samskiptum við opinberar stofnanir og yfirvöld í öðru norrænu ríki. Dóms- og kirkjumálaráðuneyti sér um að framfylgja samningnum hér á landi.*
- Túlkaþjónusta Alþjóðahússins á að vera öllum trygg en vegna mikils kostnaðar er oft farin sú leið að nýta einstaklinga sem eru búsettir á svæðinu og tala bæði íslensku og viðkomandi

tungumál. Í smærra samfélagi getur það komið fyrir að túlkurinn sé eitthvað tengdur þeim sem túlka þarf fyrir. Þegar málin eru persónuleg er það alveg ótækt að einhver nákominn sé fenginn til að túlka fyrir viðkomandi. Þetta fyrirkomulag er óásættanlegt og hindrar marga í að þiggja þjónustu því grundvallarreglan er sú, að túlkurinn sé óviðkomandi aðili. Oftast er óskað eftir túlki vegna foreldraviðtala.

Kostnaðurinn (árið 2007) er kr. 4500,- á klst. og svo kr. 68,- fyrir hvern ekinn kílómetra og tímakaup meðan á akstri stendur.

Mikilvægt er að tryggja jöfnuð í túlkaþjónustu óháð búsetu því þörfin fyrir hana fer sífellt vaxandi. Hugsanlegur er sá möguleiki að nýta fjarfundakerfi fyrir túlkaþjónustuna og gæti það e.t.v verið mun ódýrara í framkvæmd en það sem nú býðst.

<http://island.is/innflytjendur/islenskunam-og-tulkathjonusta>

<http://www.ahus.is/is/islenskukennsla-2.html>

<http://www.ahus.is/is/menntun-landi.html>

<http://www.ahus.is/>

[index2.php?option=com_content&task=view&id=30&pop=1&page=0&Itemid=75](http://www.ahus.is/index2.php?option=com_content&task=view&id=30&pop=1&page=0&Itemid=75)

<http://www.ahus.is/>

[index2.php?option=com_content&task=view&id=154&pop=1&page=0&Itemid=75](http://www.ahus.is/index2.php?option=com_content&task=view&id=154&pop=1&page=0&Itemid=75)

<http://www.sudurland.is/fraedslunet/>


Eftirfarandi eru vefslóðir um túlkaþjónustu og ýmis námskeið sem í boði eru fyrir starfsfólk í leik- og grunnskólum og nýja Íslendinga:

http://www.rsk.is/akvardandi_bref/akvardandi_bref_vsk_2005_1060.asp

vefur sem fram kemur svar frá ríkisskattstjóra vegna virðisaukaskatts og kostnaðar við túlkaþjónustu.

[http://www.breidholtsskoli.is/fjolfmenning/ mjög](http://www.breidholtsskoli.is/fjolfmenning/mjog) áhugaverður vefur um ýmislegt sem við kemur kennslu og upplýsingar vegna nýbúa.

Á þessum vefum hér að neðan eru frekari upplýsingar um túlkaþjónustuna og námskeið sem í boði eru fyrir m.a. starfsfólk í leik- og grunnskólum og nýbúa sem vilja læra íslensku.



2. Almennt um móttöku barns af erlendum uppruna í leik- og grunnskóla


Á fyrsta fund er eðlilegt að boða báða foreldra barnsins, skólastjóra, deildarstjóra/ bekkjarkennara og aðra þá sem fyrirhugað er að hafi með barnið að gera í skólanum. Tali foreldrar barnsins ekki íslensku er eðlilegt að kallaður sé til túlkur (sjá kafla um túlkajónustu).

Það er erfið reynsla fyrir barn að byrja í skóla þar sem talað er annað tungumál en þess eigið og umhverfið e.t.v. framandi. Mikilvægt er að hafa í huga að skólabyrjun barns af erlendum uppruna getur verið mikið álag fyrir barnið og foreldra þess og einnig fyrir kennara og önnur börn í skólanum. Því þarf að tryggja þessum börnum móttöku og stuðning við hæfi.

Sarftsmenn ættu að leggja áherslu á góð samskipti og samvinnu við foreldra við fyrstu kynni. Þeir þurfa að upplýsa þá um lög og reglur sem gilda um réttindi barna og foreldra í samfélaginu og veita greinargóðar upplýsingar um eðli og tilgang skólustarfsins. Skólinn þarf að afla eins mikilla upplýsinga um bakgrunn barnsins og kostur er (sjá fylgiskjöl).

Eðlilegt er að skólinn leiti upplýsinga um menningu og siði heimalands barna af erlendum uppruna sem koma í skólann. Hægt er að biðja foreldra að útvega ýmis gögn þar að lútandi s.s. fána landsins, myndir, tónlist, bækur og leikefni. Einnig væri gott ef foreldrar

gætu útbúið orðasafn/lista yfir algeng orð og kveðjur á móðurmálinu s.s. góðan daginn, velkominn, bless, takk, tölur og annað það sem hægt er að nota til að gera móðurmál barnsins sýnilegt í skólanum og kynna það fyrir öðrum börnum.



Starfsfólk skólans ætti að minna foreldra barnsins á mikilvægi þess að viðhalda móðurmáli þess með því að tala við það og lesa bækur á því máli. Rannsóknir hafa sýnt að fyrst þarf barn að læra móðurmálið sitt vel til þess að geta tileinkað sér annað tungumál.

Kynna þarf foreldrum vel ferli skólabyrjunar barnsins og sýna þeim skólahúsnæðið og alla aðstöðu.

Starfsfólk skólans þarf að vera viljugt til að auka þekkingu sína og færni til þess að vinna með fjölbreyttan hóp barna og foreldra t.d. með því að sækja námskeið og lesa bækur og greinar varðandi efnið. Mikilvægt er að starfsfólkið temji sér fordómaleysi og jákvæðni gagnvart fjölbreyttri menningu og mismunandi uppruna nemenda sinna. Æskilegt er að kennarar afli sér þekkingar um kennslu íslensku sem annars tungumáls.

3. Leikskóli: Móttaka barns af erlendum uppruna.

Upplýsingar og gögn sem foreldrar þurfa að fá við upphaf leikskólagöngu barns af erlendum uppruna.

Upplýsingarnar þurfa að vera sem mest skriflegar. Séu þær ekki til skriflegar á viðkomandi tungumáli, verður skólinn að tryggja að túlkur þýði þær fyrir foreldrana. Þessi listi er ekki tæmandi og verða leikskólar að bæta við hann og aðlaga hann að sínum aðstæðum hverju sinni.

- Sérstök þjónusta sem nemendum af erlendum uppruna stendur til boða, sé einhver slík fyrir hendi í leikskólanum.
- Skólanámskráin/ skólahandbókin.
- Skóladagatalið/ ársáætlun/frídagar.
- Myndrænt dagskipulag/stundaskrá barnsins og upplýsingar um hvernig skóladagurinn fer fram. (T.d. leikur, hópastarf, útivera, matartímar o.fl.)
- Hvaða starfsfólk leikskólans kemur að málefnum barnsins, hlutverk hvers og eins og verkaskipting á milli þeirra. (t.d. hvert foreldrar eigi að snúa sér ef barninu líður illa í leikskólanum, það megi ekki fara út vegna veikinda eða þurfi þeir að kvarta yfir einhverju í aðbúnaði barnsins þar).
- Símanúmer/netfang leikskóla, deildar og leikskólastjóra.
- Vinnureglur vegna tilkynninga veikindi og forföll.



- Reglur um hvenær barnið ætti ekki að koma í leikskólann t.d. vegna veikinda.
- Proskapróf/skimanir sem gerðar eru í leikskólanum.
- Vistunartímar og verðskrá leikskólans.
- Hvers konar matur er í boði á leikskólanum og kostnaður við hverja máltíð.
 - Reglur og venjur í sambandi við afmæli, ferðalög o.fl.
 - Útivist.
 - Ábyrgð foreldra varðandi reglubundna mætingu barns á leikskóla.
 - Foreldrafélagið, hlutverk og starfsemi.
 - Foreldrafundir og foreldraviðtöl. (Leggja áherslu á mikilvægi þess að mæta á slíka fundi.)
- Listi yfir hvað barnið á að hafa meðferðis í leikskólann.
- Sérstakur klæðnaður og/eða útbúnaður sem hafa þarf meðferðis, t.d. vegna hreyfistunda og útiveru.
- Barnastarf í sveitarfélaginu, s.s. íþrótt- og tómstundatilboð o.fl.
- Túlkþjónusta sem til boða stendur.
- Ferli aðlögunar barns í upphafi leikskólagöngu.
- Hvernig samskiptum við heimilið verði háttað í framtíðinni og tímasetning næsta fundar (upplýsingamiðar sendir heim, skilaboð sett á netið, samskiptabók, o.fl.)

Upplýsingar sem foreldrar þurfa að gefa leikskólanum við upphaf leikskólagöngu barns af erlendum uppruna

(Gott er að styðjast við spurningalistann “Móttaka nemenda af erlendum uppruna í leikskóla”)

- Fjölskylda barnsins og uppruni.
- Heilsufar, lyfjataka, hreinlætisvenjur o.fl.
- Áföll sem barnið hefur orðið fyrir og hugsanlega geta haft áhrif á hegðun þess og líðan.
- Helstu áhugamál barnsins, sterkar og veikar hliðar, skapgerð.
- Fyrirliggjandi greiningar í sambandi við þroska, hegðun o.fl., hafi þær verið gerðar.



- Helstu siðir og venjur, komi barnið úr ólíkum menningarheimi.
- Trúarbrögð fjölskyldunnar
- Atvinna foreldra í heimalandi og atvinna og vinnutími foreldra hér á landi.
- Símanúmer foreldra/upplýsingar um hvernig ná megi sambandi við þá á skólatíma.
- Íslenskur stuðningsaðili/tengiliður fjölskyldunnar, sé hann til staðar.
- Áætluð tímalengd dvalar hér á landi.
- Nöfn þeirra sem mega sækja barnið á leikskólann.

Móttaka nemenda af erlendum uppruna í leikskóla - hugmynd að spurningalista

Upplýsingar um barnið, fengnar úr viðtölum við foreldra/forráðmenn þess

Starfsmaður leikskóla sem tekur viðtalið: _____

Starfsheiti: _____ Dags.: _____

Nafn barns: _____ Kennitala: _____

Vistunartími: _____ Netfang foreldra: _____

Heimilisfang: _____ Sími: _____

Þjóðerni: _____ Stúlka Drengur

Fæðingarland: _____ Tungumál: _____

Nafn föður: _____ Kennitala: _____

Þjóðerni: _____ Tungumál: _____

Starf í heimalandi: _____

Starf hérlendis: _____

Daglegur vinnutími: _____

Heimasími/farsími: _____ Vinnusími: _____

Nafn móður: _____ Kennitala: _____

Þjóðerni _____ Tungumál: _____

Starf í heimalandi: _____

Starf hérlendis: _____

Daglegur vinnutími: _____

Heimasími/farsími: _____ Vinnusími: _____

Systkini: _____ Aldur: _____

Systkini: _____ Aldur: _____

Systkini: _____ Aldur: _____

Systkini: _____ Aldur: _____

Aðrir sem hafa leyfi til að sækja barnið á leikskólann:

Nafn: _____ Sími: _____

Nafn: _____ Sími: _____

Tilsjónarmaður/tengiliður/stuðningsaðili á Íslandi:

_____ Sími: _____

Heilsufar barnsins, helstu atriði: _____

Hefur barnið orðið fyrir áföllum, andlegum eða líkamlegum sem líklegt er að hafi áhrif á líðan þess

og hegðun?

Já

Nei

Ef já, hverjum? _____

Tekur barnið inn einhver lyf að staðaldri?

Já

Nei

Ef já, hvaða lyf? _____

Notar barnið bleyju?

Já

Nei

Svefnvenjur: _____

Matarvenjur: _____

Útivera: _____

Skapgerð barnsins, sterkar og veikar hliðar: _____

Helstu áhugamál barnsins: _____

Fyrri dagvistun: _____

Hve lengi hefur fjölskyldan búið á Íslandi? _____

Hafa verið gerðar einhverjar greiningar á barninu í sambandi við almennan þroska, málþroska, hegðunarfrávik o.þ.h.? _____

Ef já, hverjar þá og liggja þær greiningarniðurstöður fyrir? _____

Þekkir barnið einhvern í leikskólanum?

Já

Nei

Ef já, hvern?

Talar barnið fleiri en eitt tungumál?

Já

Nei

Ef já, hvaða tungumál? _____

Hvaða tungumál er talað á heimili barnsins? _____

Er eitthvað sem taka þarf tillit til varðandi trúarbrögð? _____

Er eitthvað sem taka þarf tillit til varðandi siði og venjur sem eru öðruvísi en hér á landi?

Hversu lengi ætlar að fjölskyldan að dveljast hérlendis?

Gefa foreldrar leyfi til þess að:

Barnið fari í leigubíl með starfsmönnum?

Já

Nei

Teknar verði ljósmyndir/myndbönd af barninu?

Já

Nei

Myndir af barninu séu notaðar á heimasíðu leikskólans eða til kynningar á starfi hans?

Já

Nei

Einhverjar aðrar upplýsingar sem foreldrar/forráðamenn barnsins vilja að kennari þess fái:

Forráðamaður

Starfsmaður leikskóla

4. Grunnskóli: Móttaka barns af erlendum uppruna

Upplýsingar og gögn sem foreldrar þurfa að fá við upphaf grunnskólagöngu barns af erlendum uppruna.

Upplýsingarnar þurfa að vera sem mest skriflegar. Séu þær ekki til skriflegar á viðkomandi tungumáli, verður skólinn að tryggja að túlkur þýði þær fyrir foreldrana. Þessi listi er ekki tæmandi og verða skólar að bæta við hann og aðlaga hann að sínum aðstæðum hverju sinni.

- Helstu áherslur, stefna og markmið viðkomandi skóla/sveitarfélags í málefnum innflytjenda.
- Sérstök þjónusta utan bekkjarkennslu samkvæmt stundaskrá, sem nemendum af erlendum uppruna stendur til boða, sé einhver slík fyrir hendi í skólanum.
- Skólanámskráin/skólahandbókin.
- Skóladagatalið.
- Skólareglurnar.
- Stundaskrá barnsins og upplýsingar um hvernig skóladagurinn fer fram (t.d. frímínútur, matartímar, umsjónarmenn o.fl.)
- Hvaða starfsfólk skólans kemur að málefnum barnsins, hlutverk hvers og eins og verkaskipting á milli þeirra. (t.d. hvert foreldrar eigi að snúa sér ef barninu líður illa í skólanum eða þurfi þeir að kvarta yfir einhverju í aðbúnaði barnsins þar).



- Símanúmer/netfang skólans.
- Viðtalstímar, símanúmer og/eða netföng bekkjarkennara, innflytjenda-kennara og annarra starfsmanna skólans sem koma að málum barnsins.
- Vinnureglur í sambandi við að tilkynna veikindi og biðja um leyfi frá skóla fyrir barnið.
- Heilsugæsla á vegum skólans.
- Samræmd próf ef það á við og möguleiki á undanþágum frá þeim.
- Lengd viðvera fyrir yngri börn og verðskrá þeirrar þjónustu.
- Nestismál nemenda og skólamötuneyti. (Hvers konar matur er í boði og hvað hann kostar, mjólkurmiðar o.fl.)
- Reglur og venjur í bekknum í sambandi við t.d. afmæli, ferðalög o.fl.
- Félagslíf í skólanum.
- Útivistarreglur.
- Ábyrgð og hlutverk foreldra varðandi skólasókn og heimavinnu.
- Foreldrafélagið, hlutverk og starfsemi.
- Foreldrafundir og foreldraviðtöl. (Leggja áherslu á mikilvægi þess að mæta á slíka fundi.)
- Listi yfir hvað nemandinn á að hafa meðferðis í skólann, hvað foreldrar sjá um og hvað skólinn leggur til.

- Sérstakur klæðnaður og/eða útbúnaður sem hafa þarf meðferðis t.d. í leikfimi- og sundtíma.
- Barna- og unglingastarf í sveitarfélaginu, s.s. íþrótt- og tómstundatilboð.
- Aðrar stofnanir s.s. bókasafn, íþróttahús og sundlaug.
- Hvenær nemandinn á að hefja nám.
- Hvernig samskiptum við heimilið verði háttáð í framtíðinni og tímasetning næsta fundar. (Upplýsingamiðar sendir heim, skilaboð sett á netið, samskiptabók, o.fl.)

Upplýsingar sem foreldrar þurfa að gefa skólanum við upphaf grunnskólagöngu barns af erlendum uppruna.

(Gott er að styðjast við spurningalistann "Móttaka nemenda af erlendum uppruna í grunnskóla")

- Fjölskylda barnsins og uppruni.
- Heilsufar, lyfjataka o.fl.
- Áföll sem barnið hefur orðið fyrir og hugsanlega geta haft áhrif á hegðun þess og líðan.
- Helstu áhugamál barnsins, sterkar og veikar hliðar, skapgerð.
- Staða barnsins í lestri á sínu móðurmáli hafi það hafið lestrarnám í heimalandinu.
- Almenn námsgengi í fyrri skóla og upplýsingar um námserfiðleika, séu einhverjir til staðar.
- Fyrirliggjandi greiningar í sambandi við námserfiðleika, þroska, hegðun o.fl., hafi þær verið gerðar.



- Kunnátta barnsins í sundi og viðhorf þess til þess að fara í sturtu með bekkjarfélögunum eftir íþróttatíma.
- Helstu siðir og venjur, komi barnið úr ólíkum menningarheimi.
- Trúarbrögð fjölskyldunnar og möguleiki á undanþágu frá kennslu í kristnum fræðum, hafi fjölskyldan önnur trúarbrögð.
- Atvinna foreldra í heimalandi og atvinna og vinnutími foreldra hér á landi.
- Símanúmer foreldra/upplýsingar um hvernig ná megi sambandi við þá á skólatíma.
- Íslenskur stuðningsaðili/tengiliður fjölskyldunnar, sé hann til staðar.
- Áætluð tímalengd dvalar hér á landi.

Móttaka nemenda af erlendum uppruna í grunnskóla - hugmynd að spurningalista -

Upplýsingar um barnið, fengnar úr viðtölum við foreldra/forráðmenn þess

Starfsmaður skóla sem tekur viðtalið: _____

Starfsheiti: _____ Dags.: _____

Nafn barns: _____ Kennitala: _____

Heimilisfang: _____ Sími: _____

Þjóðerni: _____ Stúlka Drengur

Fæðingarland: _____

Tungumál: _____

Nafn föður: _____ Kennitala: _____

Þjóðerni: _____ Tungumál: _____

Starf í heimalandi: _____

Starf hérlendis: _____

Daglegur vinnutími: _____

Heimasími/farsími: _____ Vinnusími: _____

Nafn móður: _____ Kennitala: _____

Þjóðerni: _____ Tungumál: _____

Starf í heimalandi: _____

Starf hérlendis: _____

Daglegur vinnutími: _____

Heimasími/farsími: _____ Vinnusími: _____

Systkini: _____ Aldur: _____

Systkini: _____ Aldur: _____

Systkini: _____ Aldur: _____

Systkini: _____ Aldur: _____

Tilsjónarmaður/tengiliður/stuðningsaðili á Íslandi:

_____ Sími: _____

Vitnisburður frá fyrri skóla liggur fyrir.

 Já Nei

Heilsufar barnsins, helstu atriði: _____

Hefur barnið orðið fyrir áföllum, andlegum eða líkamlegum sem líklegt er að hafi áhrif á líðan þess og hegðun?

 Já Nei

Ef já, hverjum? _____

Tekur barnið inn einhver lyf að staðaldri?

 Já Nei

Ef já, hvaða lyf? _____

Skapgerð barnsins, sterkar og veikar hliðar: _____

Helstu áhugamál barnsins: _____

Hve lengi hefur fjölskyldan búið á Íslandi? _____

Hvernig var skólagöngu háttað í heimalandinu?

 Eðlileg Lítil Engin

Á barnið við einhverja námserfiðleika að stríða?

 Já Nei

Ef já, hverja? _____

Hvernig var hegðun barnsins í skóla?

Eðlileg

Óeðlileg

Ef óeðlileg, hvernig þá? _____

Hafa verið gerðar einhverjar greiningar á barninu í sambandi við námserfiðleika, þroska, hegðunarfrávik o.þ.h.?

Já

Nei

Ef já, hverjar þá og liggja þær greiningarniðurstöður fyrir? _____

Átti barnið marga vini í skólanum?

Já

Nei

Var barnið í bekk með jafnöldrum?

Já

Nei

Hvernig er staða barnsins í:

Lestri

Góð

Í meðallagi

Slök

Skrift/ritun

Góð

Í meðallagi

Slök

Móðurmáli

Góð

Í meðallagi

Slök

Stærðfræði

Góð

Í meðallagi

Slök

Sundi

Góð

Í meðallagi

Slök

Leikfimi

Góð

Í meðallagi

Slök

Góð

Í meðallagi

Slök

Góð

Í meðallagi

Slök

Góð

Í meðallagi

Slök

Talar barnið fleiri en eitt tungumál?

Já

Nei

Ef já, hvaða? _____

Hvaða tungumál er talað á heimili barnsins? _____

Hefur barnið aðgang að tölvu heima? Já Nei

Ef já, hefur það aðgang að netinu? Já Nei

Stundaði barnið einhverja íþrótt í heimalandinu? Já Nei

Ef já, hverja?

Spilar barnið á hljóðfæri? Já Nei

Ef já, hvaða? _____

Er áhugi fyrir að barnið fari í tónlistarskóla hér á landi? Já Nei

Er eitthvað sem taka þarf tillit til varðandi trúarbrögð? _____

Er eitthvað sem taka þarf tillit til varðandi siði og venjur sem eru öðruvísi en hér á landi?

Hversu lengi ætlar að fjölskyldan að dveljast hérlendis? _____

Einhverjar aðrar upplýsingar sem foreldrar/forráðamenn barnsins vilja að kennari þess fái upplýsingar um: _____

forráðamaður

Starfsmaður grunnskóla

5. Heimildir, heimasíður, tenglar og greinar um aðlögun og þjónustu við börn sem hafa annað tungumál en íslensku að móðurmáli í leik- og grunnskólum á Íslandi

Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir (2006). Samstarf í leikskólum við foreldra barna af erlendum uppruna. *Uppeldi og menntun*, 15(2. hefti), s. 31-47.

Fríða B. Jónsdóttir, Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir (2005). *Lækjaborg-Fjölmenningarlegur leikskóli* (Þróunarverkefni). Rannsóknarstofnun KHÍ.

Hagstofa Íslands (2007). Fjöldi nemenda með erlent móðurmál eftir búsetu frá 1998-2006. Tekið af vefnum 26. júní 2007.

Hagstofa Íslands (2007). Börn í leikskólum með erlent móðurmál eftir búsetu og móðurmáli 1998-2006. Tekið af vefnum 26. júní 2007.

Hanna Ragnarsdóttir (2002). Markvisst leikskólastarf í fjölmenningarlegu samfélagi. *Uppeldi og menntun*, 11, s. 51-80.

Hulda Karen Daniélsdóttir (2007). Munnlegar upplýsingar.

Kolbrún Vigfúsdóttir (2005). *Staða-framfarir-framhald*. Handbók fyrir leikskóla um mat á framförum tvítyngdra barna í íslensku.

Svona gerum við – Leiðir að fjölmenningarlegu samfélagi á Austurlandi. Samband Sveitarfélaga á Austurlandi, janúar 2007.

“Drándur úr götu”, tillögur að móttöku nýbúa og kennslu í íslensku sem öðru máli í grunnskólum Reykjanesbæjar (bæklingur aðgengilegur á netinu (www.myllubakkaskoli.is/gotu.pdf).

<http://www.ahus.is>

Alþjóðahús, veitir allar helstu upplýsingar um málefni nýrra Íslendinga.

<http://www.breidholtsskoli.is>

Hér er tengill inn á Fjölmenningarvef barna, þar sem finna má ýmsan fróðleik, vefslóðir á 8 tungumálum, þýðingarvélur á mörgum tungumálum og margt fleira. Þar er líka krækja á síðuna <http://www.katla-is.net>, þar sem finna má námsefni sem margir skólar nýta sér. Til að nota þá síðu þarf að skrá inn notendanafn og lykilorð.

<http://www.mcc.is>

Heimasíða Fjölmenningarseturs, sem þjónar öllu landinu. Á vefnum er að finna upplýsingar um Ísland og íslenskt samfélag með áherslu á að fólk sem flyst til landsins erlendis frá geti kynnt sér réttindi sín og skyldur.

<http://www.grunnskolar.is>

Einblöðungur á nokkrum tungumálum fyrir foreldra leikskólabarna.

Þar er líka handbók f. leikskóla (Staða-framfarir-framhald) til að meta stöðu og barna af erlendum uppruna í íslensku.

<http://www.hjallaskoli.is>

Hugmyndafræði kennslu nýbúa í skólanum.

<http://www.myllubakkaskoli.is>

Ýmislegt um málefni barna af erlendum uppruna.

<http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-1199/>

Vefur Reykjavíkurborgar, þar sem finna má upplýsingar fyrir erlenda foreldra um ýmis mál.



Samantekt unnu:

Hrafnhildur Karlsdóttir leikskólaráðgjafi, Púriður Pétursdóttir sálfræðingur,
Edda G Antonsdóttir kennsluráðgjafi og Elinborg Sigurðardóttir kennsluráðgjafi
fyrir Skólaskrifstofu Suðurlands

Gefið út af ©Skólaskrifstofu Suðurlands
í nóvember 2007



SKÓLASKRIFSTOFA
SUÐURLANDS

©Skólaskrifstofa Suðurlands
nóvember 2007

bls. 24